Nr. 3.
10.
febr.

# Lög

um

## veitingu og sölu áfengra drykkja.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Enginn má selja áfenga drykki nema kaupmenn, veitingamenn og lyfsalar.

2. gr.

Veitingamenn einir, þeir er vínsöluleyfi hafa, mega selja vínföng eður áfenga drykki til neyzlu á staðnum.

3. gr.

Enginn kaupmaður má eptirleiðis selja vínföng eður áfenga drykki í smærra skammti en hjer segir:

a) vín í flöskum með lakki eður innsigli fyrir: 3 pela minnst í einu.

b) brennivín, romm, cognac, púnsextract eður þvílíka drykki (spirituosa): 3 pela í einu.

c) öl á trje-ílátum: $^1/_4$ tunnu; öl á flöskum: 5 þriggjapela-flöskur eða 10 hálf-flöskur ($1^1/_2$ pela fl.).

Lyfsalar mega því að eins í smærri skömmtum selja, að það sje eptir læknis forskript.

4. gr.

Staupagjafir og önnur ókeypis vínveiting mega eigi fram fara í sölubúðum kaupmanna eða vöru-geymsluhúsum.

5. gr.

Nú selur kaupmaður vínföng, og er þeirra neytt í hans húsum án hans leyfis, þá verður hann sekur um ólöglega vínveiting, ef það er á hans vitorði eða atvik liggja svo til, að hann hafði ástæðu til að gruna, að þeirra yrði þannig neytt, nema hann sanni, að hann hafi gjört það, sem í hans valdi stóð, til að koma í veg fyrir það.

Nr. 3.
10de
Febr.

# Lov

om

## Udskjænkning og Salg af spirituøse Drikkevarer.

**Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,**

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget, og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov

§ 1.

Ingen maa sælge spirituøse Drikkevarer med Undtagelse af Kjøbmænd, Værtshusholdere og Apothekere.

§ 2.

Kun de Værtshusholdere, der have Tilladelse til Salg af Spirituosa, maa sælge Vine eller spirituøse Drikkevarer til Fortæring paa Stedet.

§ 3.

Ingen Kjøbmand maa for Eftertiden sælge Vine eller spirituøse Drikkevarer i mindre Partier end i det Følgende bestemmes:

a) Vin paa Flasker forsynede med Lak eller Segl: 3 Pægle mindst paa en Gang.
b) Brændevin, Rom, Cognac, Punchextrakt eller deslige Spirituosa: 3 Pægle paa en Gang.
c) Øl paa Træ: 1/4 Tønde; Øl paa Flasker: 5 Trepægleflasker eller 10 Halvflasker (1 1/2 Pægle-Flasker).

Apothekere maa kun ifølge en Læges Recept sælge i mindre Partier.

§ 4.

Gratis Beværtning med Brændevinssnapse samt al anden gratis Beværtning med spirituøse Drikkevarer skal være forbudt i Kjøbmændenes Butikker og Pakhuse.

§ 5.

Naar en Kjøbmand sælger spirituøse Drikkevarer, der uden hans Tilladelse fortæres i hans Hus, bliver han skyldig i ulovlig Udskjænkning, ifald det er med hans Vidende, eller han efter Omstændighederne havde Grund til at formode, at Drikkevarerne vilde blive fortærede paa Stedet, medmindre han beviser, at han har gjort, hvad der stod i hans Magt for at forebygge Sligt.

6. gr.

Nú vill maður öðlast leyfi til að veita áfenga drykki til neyzlu á staðnum og selja vínföng í smærri skömmtum, en í 3. gr. er ákveðið, þá skal senda hreppsnefndinni í hreppi þeim, er í hlut á, skriflega bæn um það, og skal hún bera málið undir atkvæði hreppsbúa á hreppaskilaþingi; þarf meiri hluta atkvæða hreppsbúa þeirra, er atkvæðisrjett eiga í sveitarmálum, til að veita leyfið, og ákveða jafnframt skilyrðin fyrir því, og auk þess samþykki meiri hluta hreppsnefndar og sýslunefndar og staðfesting amtmanns. Í kaupstöðum skal leggja málið fyrir almennan fund atkvæðisbærra bæjarmanna, og þarf atkvæði meiri hluta fundarmanna og meiri hluta bæjarstjórnarinnar til að samþykkja leyfisveitinguna, enda sje að minnsta kosti $^1/_3$ atkvæðisbærra bæjarbúa á fundi og verður amtmaður að staðfesta, svo að gilt sje. Aldrei má slíkt leyfi veita nema því fylgi skylda til að hýsa ákveðna tölu ferðamanna og selja ferðamönnum nauðsynlegan beina. Fyrir leyfið greiðast 50 kr., er að hálfu renni í sveitarsjóð, að hálfu í sýslusjóð, en í kaupstöðum að öllu í bæjarsjóð.

Leyfisveitingin og skilyrðin skulu upp borin til atkvæða í einu lagi. Liggi fleiri tillögur fyrir en ein, skal þá fyrst upp bera, er síðast kom fram o. s. frv.

Leyfið nær að eins til 5 ára í senn, og má amtmaður eptir tillögum hreppsnefndar (eða í kaupstöðum bæjarstjórnar) taka leyfið af veitingamanni, ef hann brýtur reglur þær eða skilyrði, sem honum eru sett.

7. gr.

Nú selur eða veitir veitingamaður áfengan drykk unglingi innan 16 ára aldurs, og varðar það 25—100 kr. sekt í fyrsta sinni, í öðru sinni 50—200 kr. sekt, en missi veitingaleyfis, ef sami maður brýtur optar.

8. gr.

Enginn námsmaður á skólum, er standa undir umsjón landstjórnarinnar, verður hjer eptir skyldaður til með dómi eða neinni löglegri þvingun að borga áfenga drykki, sem hann kann að fá til láns, og eiga skuldir, sem upp frá þessu verða þannig til komnar, engan rjett á sjer að lögum.

9. gr.

Brot gegn 1. gr. laga þessara varða sektum frá 10 til 100 kr. í fyrsta sinni, og tvöfaldist lægra takmarkið við ítrekun hverja (í annað sinn 20—100 kr., í þriðja sinn 40—100 kr. o. s. frv.). Hafi sá sveitaverzlunarleyfi, er brýtur, má svipta hann verzlunarrjettindum í fyrsta sinn, en í annað sinn skal þeim, hversu sem á stendur, fyrirgjört.

Brot gegn 2. gr. varða sektum frá 25 til 250 kr. í fyrsta sinn, en síðan 50 til 500 kr. Rjettindi til að verzla með áfenga drykki missir sá jafnan, er brýtur í 2. sinn, og má svipta hann þeim í fyrsta sinn, ef ástæða þykir til, hvort sem hann er kaupmaður, sveitaverzlunarmaður eða lyfsali.

Sömu hegningu varða brot gegn 3.—5. gr.

§ 6.

Naar Nogen vil opnaa Tilladelse til Udskjænkning af spirituøse Drikkevarer til Fortæring paa Stedet og til Salg af disse i mindre Partier end i § 3 bestemt, skal Ansøgning herom indsendes til vedkommende Repsforstanderskab, der paa et Repsthing forelægger Sagen for Reppens Beboere til Afstemning. Til Opnaaelse af Tilladelsen og Fastsættelsen af Betingelserne for denne udkræves over Halvdelen af de i kommunale Sager stemmeberettigede Repsbeboeres Stemmer, samt endvidere Samtykke fra over Halvdelen af Repsforstanderskabets og Sysselforstanderskabets Medlemmer og endelig Amtets Stadfæstelse. I Kjøbstæderne skal Sagen forelægges et almindeligt Møde af de stemmeberettigede Borgere, der maa være besøgt af mindst Trediedelen af disse, og for at Tilladelsen kan opnaas, udfordres, at over Halvdelen af de paa Mødet Tilstedeværende og over Halvdelen af Kommunalbestyrelsens Medlemmer have stemt for den, og at den derefter er stadfæstet af vedkommende Amtmand. En saadan Tilladelse maa aldrig gives undtagen i Forbindelse med Forpligtelse til at kunne yde et bestemt Antal Rejsende Nattelogis og nødvendig Beværtning. For Tilladelsen erlægges et Beløb af 50 Kr., der halvt tilfalder Kommunekassen og halvt Sysselkassen, men i Kjøbstæderne udelt Kæmnerkassen.

Tilladelsen og Betingelserne for denne skulle under Et sættes under Afstemning. Foreligger der flere end et Forslag, skal det sidst fremkomne først sættes under Afstemning o. s. v.

Tilladelsen gives kun for 5 Aar ad Gangen, men Amtmanden kan paa vedkommende Repsforstanderskabs (eller i Kjøbstæderne Kommunalbestyrelsens) Indstilling fratage en Værtshusholder Tilladelsen, saafremt han ikke overholder de til samme knyttede Forskrifter og Vilkaar.

§ 7.

Naar en Værtshusholder sælger eller udskjænker spirituøse Drikkevarer til en Person under 16 Aar, medfører det første Gang en Bøde paa 25—100 Kr., anden Gang en Bøde paa 50—200 Kr., og Fortabelse af Tilladelse til Udskjænkning af Drikkevarer, dersom Overtrædelsen gjentages oftere.

§ 8.

Ingen Elev paa de under Regjeringens Tilsyn staaende Skoler skal herefter ved Dom eller nogetsomhelst lovhjemlet Tvangsmiddel kunne tilpligtes at betale de spirituøse Drikkevarer, han maatte faae paa Kredit, og skal enhver Fordring, der for Eftertiden saaledes opstaar, være uretskraftig.

§ 9.

Overtrædelse af nærværende Lovs § 1 straffes første Gang med Bøder fra 10 til 100 Kr., og for hver Gjentagelse fordobles Bødens Minimum (anden Gang 20—100 Kr., tredie Gang 40—100 Kr. o. s. v.). Dersom Overtræderen har Tilladelse til Landhandel, kan denne ved den første Overtrædelse fratages ham, men ved gjentagen Overtrædelse er den under alle Omstændigheder forbrudt.

Overtrædelse af § 2 straffes med Bøder første Gang fra 25 til 250 Kr. og i Gjentagelsestilfælde fra 50—500 Kr. Tilladelse til Handel med berusende Drikke skal ved gjentagen Overtrædelse altid være forbrudt og kan, saafremt dertil findes Anledning, ogsaa ved den første Overtrædelse fratages Vedkommende, hvad enten han er Kjøbmand, Landhandler eller Apotheker.

Overtrædelse af §§ 3—5 straffes paa samme Maade.

10. gr.

Þeim manni, er misst hefur verzlunarleyfi með áfenga drykki fyrir brot gegn lögum þessum, má eigi veita aptur leyfi til verzlunar fyr en 5 ár eru liðin frá því, er hann missti leyfið, enda hafi hann eigi orðið brotlegur við lög þessi síðustu 5 ár.

11. gr.

Nú hefur maður misst verzlunarleyfi sitt og fengið það aptur, og skal þá fyrsta brot hans þar eptir teljast sem brot í annað sinn.

12. gr.

Sektir gegn lögum þessum renna að hálfu í sveitarsjóð eða bæjarsjóð, þar sem brotið var framið, en að hálfu til uppljóstarmanns. Nú verður brotið eigi sannað án þess uppljóstarmaður beri vitni, og fellur þá hans hluti einnig til fátækrasjóðs. En eigi missir hann rjett sinn til hálfra sekta, þótt hann beri vitni í málinu, ef brotið verður fullsannað með öðrum vitnum eða gögnum.

13. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skal höfða og reka sem opinber lögreglumál.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg 10. febrúar 1888.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

**(L. S.)**

*J. Nellemann.*

§ 10.

Naar Nogen for Overtrædelse af nærværende Lov har forbrudt sin Tilladelse til Handel med spirituøse Drikkevarer, kan han først efter Forløbet af 5 Aar fra Tilladelsens Fortabelse erholde denne igjen, dog kun forsaavidt han ikke har overtraadt nærværende Lov i bemeldte 5 Aar.

§ 11.

Naar Nogen efter at have forbrudt sin Tilladelse til Handel med spirituøse Drikkevarer har erholdt denne igjen, skal den første Overtrædelse derefter anses som anden Gang begaaet Overtrædelse.

§ 12.

Bøder for Overtrædelse af nærværende Lov tilfalde halvt vedkommende Reps- eller Kæmnerkasse og halvt Angiveren. Naar Overtrædelsen kun bevises ved, at Angiveren optræder som Vidne i Sagen, tilfalder dennes Andel i Bøden ogsaa Fattigkassen. Men hans Ret til det Halve af Bøden bortfalder ikke ved, at han optræder som Vidne i Sagen dersom Overtrædelsen fuldtud bevises ved andre Vidner eller Bevisligheder.

§ 13.

Sager i Anledning af Overtrædelser af nærværende Lov anlægges og behandles som offentlige Politisager.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 10de Februar 1888.**

**Under Vor Kongelige Haand og Segl.**

***Christian R.***

**(L. S.)**

*J. Nellemann.*